



Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

þingmannatillögu um umönnun við ævilok

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð haldi ekki áfram meðferð á þingmannatillögu
A 1670/válfärd um umönnun við ævilok

Forsaga

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til
Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún grípi til norrænna aðgerða til þess að efla og þróa góðar
starfsvenjur í líknandi meðferð og umönnun við ævilok.

Sjónarmið nefndarinnar

Norrænt frelsi hefur lagt fram tillöguna um að efla og þróa góðar starfs-
venjur í umönnun við ævilok (líknarmeðferð) á Norðurlöndum.

Líknarmeðferð felst í umönnun mjög veikrar manneskju við aðstæður þar
sem lækning meðferð hefur verið hætt og ekki er lengur hægt að grípa
inn í sjúkdómsferlið. Norrænt frelsi vill beina athyglinni að gæðum líknandi
meðferðar og bættri þekkingu hjúkrunarstarfslíðs. Auk þess er áhugi á því
að kanna hvernig tryggja megi meiri jöfnuð í dreifbyli á landsbyggðinni
þegar kemur að umönnun við ævilok. Í þingmannatillögunni er meðal
annars vísað til þess að í Finnlandi skorti sjúkrarými á líknardeildum.

Norræna velferðarnefndin ákvað að fresta meðferð á tillögunni þar til svör
höfðu borist við skriflegri fyrirspurn sem Arja Juvonen (saf)/Norrænt frelsi
beindi til norrænu ríkisstjórnanna um hvernig líknarmeðferð væri háttað í
löndunum. Norðurlandaráði hafa nú borist svör norrænu ríkisstjórnanna.
Í svörunum kemur fram að Danir, Norðmenn og Svíar vinni á svipaðan
hátt og leggi mikla áherslu á líknandi meðferð innan almennrar heilbrigðis-
þjónustu. Í löndunum þremur er unnið út frá ákveðnum leiðbeiningum og
er starfinu stöðugt fylgt eftir með úttektum á gæðum og þróunarvettvangi

fyrir líknarmeðferð. Í svari frá Álandseyjum kemur fram að þar sé lögð áhersla á að sjúklingurinn geti verið heima hjá sér eins lengi og hægt er en fáir hvíldarinnlögn sem heilbrigðisþjónustan býður upp á þegar þörf krefur.

Svörin frá Finnlandi og Íslandi eru styttri og veita ekki dýpri skilning á því hvernig unnið er að þessum málum.

Þingmannatillagan virðist byggja á því að flutningsmaður hennar telji þörf á að efla líknarmeðferð í Finnlandi. Finnar geta eflaust lært ýmislegt af norrænum frændþjóðum sínum en nefndin veitir fyrir sér hvort norrænt notagildi sé ekki fremur takmarkað í þessu tilviki.

Ósló, 19. apríl 2016

André N. Skjelstad (V)	Jenis av Rana (Mfl.)
Arja Juvonen (saf)	Karen J. Klint (S)
Bengt Morten Wenstøb (H)	Kåre Simensen (A)
Bente Stein Mathisen (H), formaður	Lennart Axelsson (S)
Cassandra Sundin (SD)	Mikael Staffas (Lib)
Christian Juhl (EL)	Rikard Larsson (S)
	Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)

Norðurlandaráð

A 1670/välfärd

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer 15-00250-10